

Grundarfjarðarbær
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík 17. ágúst 2018
UST201806-047/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Grundarfjarðarflugvöllur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grundarfjarðar er barst 5. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi flugvallar í landi Akurtraða í Grundarfirði.

Í ofangreindri tillögu kemur fram að áætlað er að taka flugvöllinn í notkun að nýju og byggja nokkur flugskýli / vélageymslur við syðri enda flugbrautarinnar.

Skipulagssvæðið

Í tillögunni kemur fram að skipulagssvæðið er að mestu í landi Naustaáls sem og frístundabyggð sem er staðsett sjávarmegin við flugbrautina. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið er neðan við Framsveitarveg.

Umhverfisáhrif


Í greinargerð kemur fram að flugskýlin séu áætluð nálægt Framsveitarvegi, og að flughlaðið sem verður framan við flugskýlin sé 2,5 m lægra en vegurinn. Einnig kemur fram að til að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd skuli gróðursetja trjábelti á milli vegar og skýlis. Umhverfisstofnun telur jákvætt að dregið verði úr áhrifum á ásýnd svæðisins séð frá Framsveitarvegi, en telur að skýlin/vélageymslur muni hafa neikvæð sjóræn áhrif séð frá frístundabyggð sem er vestan og sjávarmegin við flugbrautina. Áætlaðar framkvæmdir munu blasa við þeirri frístundabyggð. Umhverfisstofnun tekur undir ákvæði í tillögunni um að byggingar verði vandaðar og falli vel að umhverfinu.

Kríuvarp

Um árábil hefur Náttúrufræðistofnun rannsakað kríuvarp á flugvallarsvæðinu og er mikilvægt að þegar umhverfisáhrif áætlaðra framkvæmda eru skoðuð að fjallað sé um

áhrif þeirra á kríuvarp. Krían hefur átt undir högg að sækja og því er mikilvægt að framkvæmdir á svæðinu fari fram utan varptíma og í samráði við Náttúrufræðistofnun.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur